

INNLENT

# Tína fleiri tonn af rusli við strandlengjuna

Kolbeinn Tumi Daðason skrifar © 27. október 2020 18:00

Líkar þetta 54



Frá hreinsunaraðgerðum í gær.

SEEDS

Tuttugu sjálfbóðaliðar frá sjálfbóðaliðasamtökunum SEEDS, Bláa hernum, starfsfólki nokkurra fyrirtækja og sendiráðsfulltrúum söfnuðu um 700 kílóum af plastúrgangi á strandlengjunni frá Herðísarvík til Viðarhelli.

Hópurinn hefur farið í daglegar hreinsunarferðir undanfarið á þessum fimmtán kílómetra kafla nærri Selvogsvita, Strandakirkju og Þorlákshöfn. Um sex tonn af rusli, aðallega plastúrgangi, hafa verið fjarlægð af ströndinni að sögn Oscars Uscategui hjá Seeds.





Ætlunin sé að halda áfram að hreinsa þessa og aðrar strandlengjur landsins sem eru uppfullar af rusli og plastmengaðar. Hann bendir á að þeir sem hafa áhuga á að fá hóp frá SEEDS sjálfbóðaliðum í tiltekt á sínu svæði geti sett sig í samband við verkefnastjóri@seeds.is.

**Velkomin á Vísir. Þessi vefur notar vafrakökur. [Sjá nánar.](#)**